

eru mörg merkileg listaverk til eftir hann í Skandinavíu.

Kollegar mínir á Norðurlöndum höfðu mikinn áhuga á að koma inn í þetta samstarf og sýningin byrjar hér, fer síðan til Óslóar, Stokkhólms og loks til Helsinki. Einnig hefur verið rætt um að hún endi í Pompidou-safninu, því þessi sýning bregður út af þeim efnistökum sem Frakkar hafa yfirleitt haft á verkum Légers. Verkin koma frá Skandinavíu, Þýskalandi og Frakklandi. Kostnaðurinn við tryggingar og flutninga er óheyrilegur, en Frakkar munu styrkja okkur eitthvað."

— Hvað með íslenskar sýningar, gefst nokkur tími fyrir þær?

„Fyrir utan það rými sem við leigjum, verðum við með eina sýningu á verkum íslensks listamanns, en það er Ívar Valgarðsson. Hann er ungur myndhöggvari sem hefur vakið mikla athygli síðastliðinn áratug, kannski ekki fengið það rými sem okkur finnst hann hefði mátt fá. Hann vann í fyrstu mikið út frá forsendum konsept-listarinnar, en hefur á seinni árum aðallega einbeitt sér að óhlutlægri myndgerð; einskonar mínimalisma, og hefur einkum velt fyrir sér tengslum hlutarins við rýmið.

Við veljum Ívar líka vegna þess að íslensk höggmyndalist hefur verið í gífurlegri uppsveiflu á síðustu árum, og við eigum orðið alveg óvenjulega persónulega og frumlega myndhöggvara, sem eru að vinna út frá mjög ólíkum forsendum."

Ásmundur, Erró, Kjarval

Gunnar segir að innan Listasafns Reykjavíkur séu þrjú stór einkasöfn; verk þeirra Kjarvals, Errós og Ásmundar Sveinssonar. Þau þurfi mikla umönnun og úrvinnslu; skrá þarf verk, bréfasöfn, skissur og þannig mætti áfram telja. Kjarvalsstaðir eru mjög stórt hús, og kjallaranum hefur verið breytt nýverið; listaverkageymslur stækkaðar og öll vinnuaðstaða þar bætt. Það mun síðan breytast enn meira er verk Errós verða komin á Korpúlfsstaði, því þau eru mikil að umfangi og fylgja þeim fleiri hundruð kíló af teikningum, bókum, skrám og allskyns persónulegum munum úr eigu listamannsins, sem verður komið fyrir í tengslum við safn hans, og gestir munu geta haft aðgang að.

„Við höfum nú hafið safnakennslu," segir Gunnar, „og það hefur fengið ótrúlega góðar viðtökur. Þetta er hlutur sem hefur vantað, og er mikil viðbót við þá myndlistar- og menningarkennslu sem fer fram í skólakerfinu. Skólarnir hafa streymt hingað. Við höfum líka hafið sérstaka safnakennslu fyrir eldri borgara, og þeir geta pantað þá tíma sérstaklega og fengið leiðsögn."

— Hvað líður Kjarvalssafninu sem fyrirhugað er að rísi á Miklatúni?

„Það er búið að teikna það, og þær teikningar eru mjög athyglisverðar, slíkt safn myndi vera Kjarval til sóma, og borginni líka, og yrði eflaust mikil lyftistöng fyrir Kjarval sem sögulegan myndlistarmann. Það sem kemur inn í er að þetta er mjög kostnaðarsöm framkvæmd, og í millitíðinni kom þetta upp með Korpúlfsstaði og Errósafnið. Því hefur verið ákveðið að bíða með Kjarvalssafnið, því verk hans hafa þó sitt rými hér á Kjarvalsstöðum. Menningarmiðstöðin Korpúlfsstaðir er gífurlega fjárfrekt fyrirbæri, og hleypur á hundruðum milljóna, svo varla er hægt að sinna öðru á meðan.

En Kjarval hefur nú á síðustu árum fengið mun meira rými og tíma en hann hafði til skamms tíma, og við, sem höldum utan um safn verka hans og vinnum að rannsóknum á þeim, teljum það skyldu okkar að setja upp vandaðar sýningar á verkum hans. Á þessu ári var því opnuð Kjarvalssýning sem mun standa nánast í sex mánuði. Persónulega álít ég að á meðan Kjarvalssafn er ekki til staðar, eigum við að taka austursalinn undir verk hans, eins og reyndar var gert ráð fyrir í upphafi. Verkin má síðan alltaf taka niður um tíma þegar stórar sýningar berast sem þurfa allt húsið undir sig."

— Lýkur viðgerðinni á Ásmundarsafni ekki á næstunni?

„Jú, það verður væntanlega opnað um miðjan apríl, með þeim frábæru salarkynnum sem eru komin þar. Á döfinni er einnig að endurnýja kúluhúsið, en það er orðið illa farið. Einkasöfn, eins og Ásmundarsafn, þurfa á endurnýjun að halda, svo ætlunin er að skipta þar reglulega um sýningar. Þá er einnig fyrirhugað að bjóða erlendum myndhöggvurum að sýna tvo mánuði á ári, og væntanlega verða sýnd verk frá Rodin-safninu í París næsta vor. Hugmyndin með því er að hleypa nýju lífi í stofnunina, og hefði það eflaust góð áhrif á verk Ásmundar."

Óánægjuröddum hefur fækkað

Þegar til lengri tíma er litið er Listasafn Reykjavíkur að undirbúa stóra sýningu á íslenskri fígúratívri list í Gautaborg, og þá er mikill áhugi fyrir því víða á Norðurlöndum að fá ítarlega sýningu á verkum Kjarvals. Einnig er verið að athuga með að senda slíka sýningu til Þýskalands og Frakklands.

— Þrátt fyrir víðtæka starfsemi og fjölda sýninga heyrast alltaf óánægjuraddir, til dæmis frá listamönnum sem eru ósáttir við stefnu safnsins.

„Það er rétt, en það er minna um það nú en áður. Við höfum mikinn metnað hér í stofnuninni, og menningarmálanefnd Reykjavíkur hefur meðvitað mótað nýja stefnu varðandi starfssvið og vettvang hennar, bæði hvað varðar íslenska og erlenda myndlist. Þá er nefndin mjög meðvituð um að gera þarf vel við ólíka hópa í því listmunstri sem við höfum. Þannig sýnum við nútímalist, eldri listamenn, og erum með úttektir á eldri listamönnum sem eiga langan feril að baki. Vitaskuld heyrast alltaf einhverjar óánægjuraddir, en í dag eru miklu fleiri möguleikar fyrir þá sem vilja sýna en bara Kjarvalsstaðir. Áður voru þeir nánast eina húsnæðið í borginni en í dag eru til margir fallegir salir, sem eru iðulega mun hentugri fyrir minni sýningar. Maður sem kemur hingað inn þarf nefnilega margar myndir, og mikil vinna þarf að liggja að baki þeim svo vel sé. Því reynum við að hugsa um hvernig við getum sem best komið til móts við þá sem sýna hér, og um leið til móts við íslenska menningu. Því Kjarvalsstaðir eru ekki bara fyrir listamenn, heldur fyrst og fremst fyrir listunnendur."

Viðtal: Einar Falur Ingólfsson



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hafin er útgáfa á röð hljómdiska með verkum íslenskra tónskálda. Fyrst í röðinni eru þau Karólína Eiríksdóttir og Þorkell Sigurbjörnsson (fremst) og bak við borðið stendur Bergljót Jónsdóttir framkvæmdstjóri Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar sem annast útgáfuna í samvinnu við Ríkisútvarpið.

Ný röð hljómdiska með íslenskri tónlist

Ætlað að draga upp mynd af tónskáldunum

Íslensk tónverkamiðstöð er að ráðast í útgáfu á röð hljómdiska í samvinnu við Ríkisútvarpið á verkum íslenskra tónskálda og komu fyrstu tveir diskarnir út nú í vikunni. Eru þeir með verkum eftir Karólínu Eiríksdóttur og Þorkel Sigurbjörnsson. Fleiri hljómdiskar eru væntanlegir á árinu en með þessari útgáfu er að rætast gamall draumur margra tónskálda um nýtt átak í útgáfu tónlistar. Almenningur fær nú nýtt tækifæri til að kynnast tónlist einstakra tónskálda í stað þess að heyra hana aðeins á tónleikum eða lesa raddskrár þeirra.

Þetta hefur verið mjög lengi til umræðu meðal tónskálda og nú rætist langþráður draumur okkar, segir Þorkell Sigurbjörnsson. -Mjög lítið hefur verið gefið út af íslenskri klassískri tónlist og segja má að eina tækifæri sem menn hafa haft til að kynnast verkum okkar hafi verið á tónleikum. Þar heyrast verkin oftast aðeins einu sinni og síðan ekki söguna meir. Hafi menn viljað kynna sér þau frekar hefur eina ráðið verið að lesa gegnum raddskrár og það búa ekki allir tónlistaráhugamenn yfir þeirri kunnáttu.

Tónskáldin völdu sjálf úr verkum sínum til flutnings og Karólína Eiríksdóttir er spurð hvernig því vali hafi verið háttað:

-Ég valdi sjö verk, hljómsveitar-, einleiks- og kammerverk ásamt öðrum þætti óperu minnar Någon har jag sett en þessi verk eru samin á árunum 1980 til 1988. Þau eru samin af ýmsum tilefnum og þetta eru allt upptökur sem voru til. Verkin gefa þannig ákveðna mynd af mér sem tónskáldi en þau sýna líka örlitla mynd af því sem verið hefur að gerast í tónlistarlífinu. Þarna eru til dæmis tvö verk sem Jean-Pierre Jacquillat stjórnaði hér, annars vegar þegar Sinfóníuhljómsveitin lék Sinfóníettu sem samin var að beiðni Sjónvarpsins og hins vegar stjórnaði hann fimm lögum fyrir kammersveit sem Íslenska hljómsveitin lék.

Aðrir flytjendur hinna ýmsu verka eru Guðný Guðmundsdóttir, Halldór Haraldsson, Gunnar Kvaran, Guðríður St. Sigurðardóttir, Kristinn Sigmundsson, Ingegerd Nilsson og Per Borin sem stjórnaði Hátíðarhljómsveit hundadaga.

Verkin á hljómdiski Þorkels eru frá árunum 1970 til 1982 og eru flytjendur auk tónskáldsins sjálfs bæði innlendir og erlendir: Gunnar Egilson, Ingvar Jónasson, Manuela Wiesler, Hafliði Hallgrímsson, Hans Pálsson, Win Hooggewerf, Þóra Johansen, Unnur María Ingólfsdóttir og Hörður Áskelsson.

Sem fyrr segir er það Íslensk tónverkamiðstöð sem stendur að útgáfunni í samvinnu við Ríkisútvarpið og hefur Bergljót Jónsdóttir séð um framkvæmdina: -Við fengum flestar upptökurnar frá Ríkisútvarpinu og sá Bjarni Rúnar Bjarnason tónmeistari um flestar upptökurnar og endanlega samsetningu þeirra á diskunum. Allir flytjendur gáfu eftir laun sín fyrir flutninginn og þannig má segja að þeir hafi lagt fram sinn skerf til að gera útgáfuna mögulega. Hluti kostnaðar við þetta er greiddur af höfundarlaunum íslenskra tónskálda en einnig hefur verið leitað eftir styrkjum.

Bergljót segir að verk íslenskra tónskálda sem komið hafa út á hljóðritunum séu dreifð þannig að erfitt sé að fá heildarmynd af tónskáldi nema að við að sér mörgum plötum. Því hafi verið ákveðið að gefa út þessa röð, portrett tónskáldanna og er í ráði að gefa út verk yngri sem eldri tónskálda, núlifandi og látinna.

Eins konar tónlistarsaga

-Ég vil líka undirstrika að þótt hér sé um að ræða portrett þá eru hljómdiskarnir líka eins konar brot af tónlistarsögu okkar. Þarna koma til dæmis við sögu flytjendur sem eru horfnir af sjónarsviðinu og þarna leika tónlistarmenn sem störfuðu saman fyrir 20 árum auk þess sem notaðar eru nýrri upptökur og í sumum tilvikum eru flytjendur þeir sömu og verkin voru samin fyrir.

Eiga flest íslensk tónskáld nógu mörg verk fyrir portrett sem þessi?

-Íslensk tónskáld hafa verið afkastamikil og ég held að þau eigi öll auðvelt með að útvega efni á einn eða fleiri diska, segir Bergljót en á næstunni koma út diskar með verkum eftir Jón Leifs, Leif Þórarinsson og síðan koma þeir hver á fætur öðrum, 4 til 5 á ári.

En hvernig sjá tónskáldin fyrir sér notkun á hljómdiski sem þessum?

-Þarna er ekki aðeins verið að gefa út tónlist fyrir Íslendinga heldur vonumst við til að hún fari til annarra landa og að þannig geti íslensk tónlist komist á framfæri erlendis, segja þau Þorkell og Karólína. -Þetta er alveg ný staða hjá tónskáldum og við getum til dæmis bara litið á tilnefningarnar til tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs. Verkin sem tilnefnd eru hafa sjaldnast verið til útgefin og að því leyti allt önnur staða en hjá rithöfundum sem eiga verk sín á prenti. Við kennum líka bæði við tónlistarskóla og þar hefur alltaf skort íslenskt kennsluefni þannig að verði hér smám saman til myndarleg röð af íslenskri tónlist á hljómdiskum mun það bæta úr ákveðinni þörf.

Greinar um tónskáldin

Greinar um tónskáldin á þremur tungumálum fylgja diskunum í bæklingi en þær hefur Guðmundur Andri Thorsson skrifað. Byggir hann á samtölum við þau og nefnir hann grein sína um Þorkel „Þetta er forvitni" en greinina um Karólínu „Hugsunin frjóvguð". Í greininni um Þorkel segir meðal annars:

„Og þeim sem hlustar finnst varla að þau hafi verið samin, þau streyma svo sjálfsögð og áreynslulaus, hreyfingin í þeim er svo kvik og létt, andrúmsloftið svo óhátíðlegt, innileikinn svo algjör. Sumt er kátlegt og þegar forte er slegið vekur það manni hressandi og jafnvel fjörlegar kenndir, en ekki þungan bölmóð og þó að sitthvað fleira sé á kreiki í Noktúrnum Þorkels en var í rómantískum smíðum samnefndum á síðustu öld, þá er friðsældin allsráðandi undir lokin - sofnuð lóa og dáin ljós á flóa - fegurðin ríkir ein."

Um Karólínu segir Guðmundur Andri Thorsson: „Hún stundar á listgrein sem mest er óbundin af veruleikanum, en sækir mest í bókmenntir, þá listgrein sem háðust er veruleikanum. Í öllum verkum hennar togast hið sjálfsprottna á við hið ráðgerða og undir ýmsu komið hvoru veitir betur hverju sinni. Menntun hennar í tónvísindum gerir það að verkum að hún hefur kynnt sér feiknin öll af tónlist allra alda - hún er mjög menntað tónskáld - en vísindamanninum er um leið haldið í ákveðnum skefjum og skáldið látið leika lausum hala."

Myndverk á bæklingunum gerði Erlingur Páll Ingvarsson myndlistarmaður.

jt